

REGLUGERÐ

106
28. okt.

um

breyting á reglugerð fyrir Strandasýslu, um notkun upprekstrarlands,
fjallskil, réttahöld o. fl.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tvær skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, og skal réttað sjálfan leitardaginn, nema í Skarðsrétt, Staðar-
rétt og Árneshreppi, þar skal réttað að morgni þriðjudaginn næstan eftir.

Þó skal hreppsnefnd Kaldrananeshrepps heimilt að rétta fyrsta leitardag
í Skarðsrétt og láta eftirleit fara fram á miðvikudag.

Sé heimildin notuð, skal hreppsnefndinni skylt að tilkynna það nærliggj-
andi hreppum nægilega snemma.

Annar leitardagur skal vera:

Í Bæjarhreppi og Óspakseyrarhreppi næsta mánudag þar á eftir; í Kaldr-
ananeshreppi næsta fimmtudag eftir fyrstu leit, og í öðrum hreppum sýslunnar
næsta miðvikudag eftir fyrstu rétt.

Annar réttardagur skal vera sjálfan leitardaginn í öllum hreppunum.

Þegar hreppsnefndin álitur það nauðsynlegt getur hún skipað fyrir að
leita þriðju leit, og aukaskilarétt í sambandi við þá leit, og ákveðið dag til þess.

2. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Ein eða tvær skulu lögréttir vera fyrir hvern hrepp, á þessum stöðum:

Í Bæjarhreppi: að Grænumýrartungu og Kollsá.

Í Óspakseyrarhreppi: að Óspakseyri.

Í Fellshreppi: að Felli.

Í Kirkjubólshreppi: að Kirkjubóli.

Í Hrófbergshreppi: að Viðidalsá og Stað.

Í Kaldrananeshreppi: að Skarði.

Í Árneshreppi: að Árneshreppi.

3. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skilaréttir skulu haldnar í hverjum hreppi þar og þá daga, sem hér segir:

Í Bæjarhreppi: að Grænumýrartungu og Kollsá mánudaginn í 23. viku
sumars.

Í Óspakseyrarhreppi, að Óspakseyri mánudaginn í 23. viku sumars.

Í Fellshreppi: að Felli, mánudaginn í 23. viku sumars.

Í Kirkjubólshreppi, mánudaginn í 23. viku sumars.

- 106** Í Hrólfbergshreppi: að Stað, miðvikudaginn í 23. viku sumars, og að Viðidalsá fimmtudaginn í 24. viku sumars.
 28. okt. Í Kaldrananeshreppi: að Skarði, föstudaginn í 24. viku sumars.
 Í Árneshreppi: að Árnesei fimmtudaginn í 24. viku sumars.
 Með reglugerð þessari fellur úr gildi breyting á fjallskilareglugerð fyrir Strandasýslu frá 1. júlí 1927.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12, 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1932.

Þorsteinn Briem.

Vígfús Einarsson.

107
1. nóv.

S A M Þ Y K K T

um

forkaupsrétt og forleigurétt Búðahrepps í Suður-Múlasýslu á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir hreppsnefnd Búðahrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Búðahreppi í Suður-Múlasýslu er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirgreindum eignum í hreppnum:

Framkaupstað.
 Miðkaupstað.
 Nýjakaupstað.
 Tangaeign.
 Fiskeyrareign.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. nóvember 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.